

Blái herinn, umhverfissamtök  
Hlíðargötu 42  
245 Suðurnesjabæ

Reykjavík, 22. ágúst 2019  
UST201908-127/H.H.  
09.04.00

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - strandhreinsun í Akurey**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Bláa hersinns, dagsett 16. ágúst 2019, um leyfi til strandhreinsunar í Akurey.

Akurey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 470/2019. Óheimilt er að fara í land í Akurey nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar. Rannsóknir, aðrar en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands, eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf innan friðlandsins hvort heldur er á landi, í fjöru, í sjó eða á hafsvitni.

#### **Lýsing verkefnis:**

Fyrirhugað er að hreinsa rusl úr eyjunum í Kollafirði og byrja á Akurey þann 21. september sem er Alheimshreinsunardagurinn (<https://www.worldcleanupday.org/>). Að verkefninu koma Blái herinn, Faxaflóahafnir, Björgunarsveitin Ársæll, Special Tours og Whale safari, auk Reykjavíkurborgar sem er landeigandi. Viðburðurinn er ætlaður fyrir starfsfólk fyrrgreindra fyrirtækja og stofnanna sem að verkefninu koma.

Gert er ráð fyrir að 5 – 15 manns komi að verkefninu sem mun taka nokkra klukkutíma þennan eina dag. Engin vélknúin tæki verða notuð en mögulega slípirokkur. Gengið verðum um og rusl hreinsað í bát og sight í land. Möguleiki að eitthvað rask verði á jarðvegi ef fjarðalegt er rusl sem hefur verið lengi á eynni og er grafið að hluta til. Vandað verður til verks og gengið þannig frá að ekki hljótist skaði af.

#### **Umsagnir:**

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Náttúrustofu Suðurlands þann 19. ágúst 2019 vegna verkefnisins. Umsögn Náttúrustofu Suðurlands barst þann 19. ágúst 2019. Í umsögn kemur fram að Náttúrustofa Suðurlands fagni þessu góða framtaki athugasemdalaust. En þeirri ábendingu komið á framfæri að forðast að ganga við hvönnina þar sem lundaholur hrynda gjarnan.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni í heild sinni jákvætt, en er á mjög viðkvæmu svæði. Áætlað er að ganga um alla eyjunna en lundaholur þar eru mjög viðkvæmar. Hreinsunarstarf mun ekki hafa neikvæð áhrif á verdunargildi sé farið eftir leiðbeiningum sérfræðinga.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Bláa hernum fyrir sitt leyfi fyrir strandhreinsun á Akurey sbr. lýsingu hér að ofan 21. september 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er á svæðinu eins og kostur er.
- Leyfið gildir aðeins fyrir þá aðla sem koma að verkefninu.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi Reykjavíkurborgar þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Óskað er eftir að eftirlitsmaður Umhverfisstofnar verði með í verkefninu.

Umhverfisstofnun leggur til að Blái herinn ráðfæri sig við Náttúrustofu Suðurlands varðandi nánari staðsetningu á lundaholum og hvernig skal forðast þær.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,

Hildur Hafbergsdóttir

Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur



René Biasone  
sérfræðingur